

# STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1992

---

18. maí 1992

477

Nr. 185

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 367, 30. júlí 1991, um veiðar í atvinnuskyni.

1. gr.

15. gr. orðist svo:

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að taka allt að þrjú skip úr rekstri fyrir eitt nýtt. Leyfileg rúmtala nýja skipsins skal þá miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er hverfa úr rekstri.

Heimild 1. mgr. skal því aðeins beitt að eitt hinna úreltu skipa sé uppistaða úreldingarinnar þannig að rúmtala þess sé a.m.k. 70% af rúmtölu nýja skipsins. Frá þessu má þó víkja ef úr rekstri eru tekin tvö eða þrjú skip enda megi ætla að sóknargeta aukist ekki við skiptin.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

25. maí 1992

Nr. 186

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 134 21. apríl 1992, um humarveiðar.

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Skylt skal að nota leggglugga sem er a.m.k. 3x4 metrar að stærð úr 135 mm riðli fremst á efra byrði vörpunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. maí 1992.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.

B 32

Prentsmiðjan Gutenberg hf.